

## **Skýrsla vegna eftirfylgni úttektar á Meðferðarheimilinu Hlaðgerðarkoti**

Embætti landlæknis gerði úttekt á gæðum og öryggi þjónustu á Meðferðarheimilinu Hlaðgerðarkoti vorið 2016.

### **ÁBENDINGAR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS AÐ LOKINNI ÚTTEKT**

- Setja fram skýra stefnumörkun um áfengis- og vímuefnameðferð á heimilinu.
- Hafa skráðar viðurkenndar faglegar leiðbeiningar og verklagsreglur varðandi meðferð aðgengilegar starfsfólki.
- Gera þjónustukannanir reglulega.
- Fylgja leiðbeiningum Embættis landlæknis varðandi gæði og öryggi (Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu, 2014).
- Taka upp rafræna sjúkraskrá.
- Auka fagmönnun.
- Flýta endurnýjun húsnæði.

### **EFTIRFYLGÐ ÚTTEKTAR**

Þann 3. febrúar 2017 fóru fulltrúar Embættis landlæknis í eftirfylgdarheimsókn í Hlaðgerðarkot. Þar var farið yfir ábendingar embættisins og hvernig þeim hefur verið fylgt eftir síðan úttektin var gerð. Ennfremur lögðu forsvarsmenn Hlaðgerðarkots fram gögn sem sýndu hvernig ábendingum hefur verið fylgt eftir. Sérstaklega skal tekið fram að afeitrunarmeðferð er ekki lengur fyrir hendi í Hlaðgerðarkoti.

#### *Stefnumörkun*

Drög að nálgun Samhjalpar, sem rekur Hlaðgerðarkot, í áfengis og vímuefnamálum liggur nú fyrir en eftir er að fullvinna þau.

#### *Gæðahandbók - faglegar leiðbeiningar og verklagsreglur*

Umtalsverð vinna hefur farið fram við gerð gæðahandbókar sem hentar starfsemi heimilisins þar sem ýmsum ferlum er snerta meðferðina í Hlaðgerðarkoti er lýst svo og ábyrðarmönnun í hverju tilfelli fyrir sig. Fyrirhugað er að gæðahandbókin verði rafræn og hún verði aðgengileg og öllum opin á heimasíðu Samhjalpar.

#### *Þjónustukönnun*

Þjónustukönnun var gerð í nóvember 2016 meðal þeirra 30 notenda þjónustunnar sem þá voru í Hlaðgerðarkoti, 16 manns svöruðu könnuninni. Könnunin er vönduð og vel unnin og margar spurningar sértækar varðandi vímuefnameðferð. Einnig var spurt um hversu oft einstaklingar hefðu áður farið í meðferð og í hversu langan tíma þeim hefði tekist að vera edrú eftir það. Í heild sýndu niðurstöður almenna ánægju með þjónustuna en eins og kemur fram í umfjöllun um könnunina eru svarendur fáir og því ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum, þótt þær gefi vissulega ákveðnar vísbendingar. Þá er tekið

fram að mikilvægt sé að gera fleiri kannanir með stærra úrtaki og tekur embættið undir það Fyrirhugað er því að gera slíkar kannanir eigi sjaldnar en árlega hér eftir og ætla má að niðurstöður geti nýst í áframhaldandi umbótastarfi.

#### *Nýting leiðbeininga Embættis landlæknis varðandi gæði og öryggi*

Forsvarsmenn í Hlaðgerðarkoti hafa nýtt sér leiðbeiningar embættisins í því umbótastarfi sem þar hefur verið unnið undanfarið og þess má sjá merki í þeim umbótum sem gerðar hafa verið.

#### *Rafræn sjúkraskrá*

Sögukerfið er nú fyrir hendi í Hlaðgerðarkoti og hefur læknir heimilisins aðgang að því auk hjúkrunarfræðings. Aðrir starfsmenn hafa ekki aðgang.

#### *Fagmönnum*

Á heimilinu er læknir í 30% starfshlutfalli og verið er að ráða hjúkrunarfræðing þangað í 50% starf. Ekki starfa aðrir heilbrigðisstarfsmenn í Hlaðgerðarkoti.

#### *Húsnæði*






Bygging nýs húss er hafin og áætlað er að hluti byggingarinnar verði tekinn í notkun á þessu ári. Nýja húsið mun gjörbreyta allri aðstöðu, bæði fyrir notendur þjónustunnar svo og starfsfólk.

### **MAT EMBÆTTIS LANDLÆKNIS**

Ljóst er að töluvert umbótastarf hefur farið fram í Hlaðgerðarkoti frá því að úttekt embættisins fór fram s.l. vor og er það vel. Það sem helst vantar upp á er sá þáttur er snýr að fagmönnum.

Embætti landlæknis leggur til að skoðað verði hvort sá möguleiki henti betur að Meðferðarheimilið í Hlaðgerðarkoti verði félagslegt úrræði eða búsetuúrræði með stuðningi. Á mörkum er að heimilið geti talist heilbrigðisstofnun enda er hugmyndafræði þess sú að um heimili sé að ræða þar sem fólk dvelur um lengri tíma (allt að þrjá mánuði) og veitt er ráðgjöf og þjónusta sem miðar að því að leiða einstaklinginn í átt að betri lífskjörum. Þar sem einungis tveir heilbrigðisstarfsmenn í samtals 80% starfshlutfalli starfa í Hlaðgerðarkoti uppfyllir það ekki lágmarkskröfur til heilbrigðisþjónustu.

#### **Samantekið álit:**

- |                             |   |               |
|-----------------------------|---|---------------|
| 1. Stefnumörkun             |  | Viðunandi     |
| 2. Vinnulag og gæðastarf    |  | Viðunandi     |
| 3. Sýnilegur árangur        |  | Viðunandi     |
| 4. Mönnun                   |  | Ófullnægjandi |
| 5. Húsnæði og starfsaðstaða |  | Ófullnægjandi |